

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir Tunguás úr landi Hallgeirsstaða, Jökulsárhlíð, Fljótsdalshéraði.

Bæjarráð Fljótsdalshéraðs samþykkti þann 29. júní 2005, deiliskipulag fyrir Tunguás úr landi Hallgeirsstaða, Jökulsárhlíð, Fljótsdalshéraði, svæði fyrir frístundabyggð, ferðaþjónustu og útivist. Deiliskipulagssvæðið nær yfir 77,6 ha úr landi Hallgeirsstaða. Skipulagðar eru 14 frístundahúsaloðir og 1 lóð vegna hótels. Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Fljótsdalshéraði, 28. október 2005.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Fljótsdalshéraðs,

Jens P. Jensson.

B-deild – Útgáfud.: 10. nóvember 2005